

Fréttabréf Mílu

7. tbl. júlí 2008

Kjarnastarfsemi Mílu ehf. er að byggja upp og reka fullkomna fjarskiptanet á Íslandi. Önnur fjarskiptafyrirtæki tengjast þessu neti í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu ehf. er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjar- skiptastarfsemi. Míla ehf. sérhæfir sig m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og annarri þjónustu við dreifikerfi.



Sýning á ljósmyndum eftir starfsfólk Mílu

Ljósmyndaklúbbur Mílu stendur fyrir ljósmyndasýningu á Café Milano. Sýningin hefst 7. júlí og stendur í mánuð. Það verða samtals 19 myndir til sýnis, eftir 9 félagsmenn Ljósmyndaklúbbs Mílu. Nokkrir sýnenda hafa tekið þátt í slíkum sýningum áður, en flestir eru að taka þátt í fyrsta skipti.

Ljósmyndaklúbbur Mílu var stofnaður í nóvember 2007, en var áður hluti af Ljósmyndaklúbbi Símans. Markmið klúbbsins er að glæða áhuga starfsmanna Mílu á ljósmyndun, standa fyrir fræðslu, kynningum, ljósmyndasýningum og ljósmyndaferðum. Það hafa verið ýmis verkefni og uppákomur í gangi hjá ljósmyndaklúbbs Mílu í vetur. Þar má nefna mánaðarleg þemaverkefni, ljósmyndaferðir, s.s. dagsferð í Gróttu á Seltjarnarnesi og dagsferð að Hraunfossjum í Borgarfirði. Einnig voru farnar ferðir á ljósmyndasýningar í Reykjavík og nágrenni.



Mynd: Dagbjartur Kristinn Brynjarsson

Fyrsti fundur með samstarfsaðilum Mílu

Míla hefur frá áramótum gert samstarfssamninga við sex aðila á landsbyggðinni um þjónustu við fjarskiptanetið á landsbyggðinni. Þessir aðilar eru Snerpa á Ísafirði, Geisli í Vestmannaeyjum, Rafmenn á Akureyri, TRS á Selfossi, Rafholt á Egilsstöðum og nú síðast Tengill á Sauðárkróki.

Samstarfssamningarnir hafa marga kosti í för með sér, hvort sem er fyrir Mílu, hlutaðeigandi fyrirtæki eða viðskiptavini. Þeir stuðla að enn betri þjónustu þar sem starfsfólki sem kemur beint eða óbeint að þjónustu við fjarskiptakerfið fjölgar, þeir gefa hlutaðeigandi fyrirtækjum kost á að vaxa enn frekar og Míla nær að straumlínulaga sinn rekstur.

Fyrr í þessum mánuði var fyrsti sameiginlegi fundur Mílu og allra samstarfsaðila fyrirtækisins haldinn á Grand Hótel Reykjavík. Þar komu fulltrúar allra samstarfsaðila saman og var stillt saman strengjum, farið yfir árangur sem þegar hefur náðst, stefnan í framhaldinu skoðuð og farið yfir sameiginleg markmið.

Meðfylgjandi mynd var tekin við það tækifæri



Mynd: Þórdís Rúnars Þórsdóttir

Sumaruppskrift á grillið

Að þessu sinni birtir Míla uppskrift að afskaplega góðu og einföldu meðlæti með grillmatnum. Þetta eru sveppir sem er skellt á álpappír, lokað fyrir og grillað á grillinu í u.þ.b. 10 mínútur. Uppskriftin dugar fyrir fjóra - sex sem meðlæti.

- 2 box af meðalstórum sveppum.
- 4 - 6 hvítlauksrif, gróft söxuð
- 2-3 msk smjör
- Smá ólífuolía
- Safi úr einni sítrónu
- 2- 3 greinar af steinselju
- Salt og grófmalaður svartur pipar
- 2-3 vænar álpappírsarkir



Sveppunum er dreift á álpappírinn og búinn til poki úr pappírnum. Áður en lokað er vel fyrir er allt hráefnið sett ofaní álpappírspokann. Grillað á vel heitu grilli í ca. 10 mín. Safinn sem myndast er guðdómlegur og gott er að dýfa brauði í hann eða hreinlega nota sem sósu með.